

### 8. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður þann 24. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík.

*Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

### 9. Goðafoss – styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vorið 2017 er lokið og samþykkti sjóðurinn að veita Þingeyjarsveit styrk að fjárhæð 28,8 millj.kr. til endurbóta á umhverfi Goðafoss.

*Samþykkt að fela sveitarstjóra að skrifa undir samning vegna styrkveitingarinnar sem mun berast innan tíðar.*

Í lok fundar samþykkti sveitarstjórn eftirfarandi áskorun:

*„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir sig andvíga framkomnu frumvarpi um smásölu áfengis og skorar á Alþingi að fella það.“*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10

Arnór Benónýsson  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Heiða Guðmundsdóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir  
Árni Pétur Hilmarsson  
Ragnar Bjarnason



## Rekstur verslunar í Vaglavaskógi

Auglýst er eftir rekstraraðila að versluninni í Vaglavaskógi sumarið 2017. Verslunin er starfrækt yfir sumartímann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Jónas í síma 464 3322 eða 866-8843.

Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflega umsókn í síðasta lagi miðvikudaginn 19. apríl á skrifstofu sveitarfélagsins, Kjarna 650 Laugum, eða í gegnum netfangið [jonas@thingeyjarsveit.is](mailto:jonas@thingeyjarsveit.is)

Jónas Halldór Friðriksson  
Umsjónarmaður fasteigna- og framkvæmda

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**

**fyrir kl. 15:00. 😊**

Verð hálf síðu er

kr.3.200.-m.vsk

Verð heils síðu er

kr.4.300.- m.vsk

***hlaupastelpan@isl.is—895-3386***

***ATHUGIÐ !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!***

*Páskahlaupastelpan verður*

gefin út ***mánudaginn 10. apríl.***

*Skiladagur er því föstudaginn 7. apríl fyrir páskastelpuna*



## *Prjóna- og bókakaffi*

*á Bókasafni Reykdæla*

*mánudagskvöldið 3. apríl kl. 20.00 – 22.00*  
*Eigum notalega stund á bókasafninu. Prjónablöð og handavinnubækur liggja frammi.*  
*Allir velkomnir!*

*Bókavörður*



## Messa Grenjaðarstað

Almenn guðsþjónusta verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag, 2. apríl klukkan 14:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



### Auglýsing um starf

Þingeyjarskóli auglýsir eftir starfsmanni til vinnu við leikskóladeildina Barnaborg við Þingeyjarskóla.

Leitað er eftir öflugum starfsmanni er getur tekið að sér þríf, aðstoð í eldhúsi og önnur tilfallandi störf inn á deildinni.

Um 100% starfshlutfall er að ræða frá miðjum ágúst 2017.

Vinnutími er á milli 9 og 17

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Þingeyjarskóli er reyklaus vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson, skólastjóri Þingeyjarskóla.

Netfang: [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Sími 4643580

Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

#### 4. Landgræðsla ríkisins

Lagt fram erindi frá Daða L. Friðrikssyni f.h. Landsgræðslu ríkisins, dags. 13. mars s.l. þar sem óskað er eftir að fá að gera slóð undir nýja girðingu í landi Þeistareykja innan Hólasandsgirðingar.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

#### 5. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 1.03.2017

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 1. mars s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir sitt leyti.*

#### 6. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. frá 13.03.2017

Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga b.s. frá 13. mars s.l. lögð fram, sveitarstjóri gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum. Umræða um 2. lið fundargerðar, ráðgjafasamningur um félags- og skólaþjónustu.

*Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að óska eftir fundi með fulltrúum Norðurbings til viðræðna á grundvelli umræðna á fundinum um 2. lið fundargerðarinnar.*

#### 7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.03.2017

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16. mars. s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

4. liður fundargerðar; Rangá, nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa þær samhliða skv. 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr.

*skipulagslaga nr. 123/210 að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi eins og 3. mgr. 30. gr. fyrrgreindra laga mælir fyrir um.*

5. liður fundargerðar; Hólsvirkjun, aðal- og deiliskipulag.

*Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni um að samþykktum skipulagsáætlunum verði ekki breytt frekar að sinni. Skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn muni taka málið til efnislegrar umfjöllunar ef væntanlegt umhverfismat leiðir til breytinga á þegar samþykktu deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi.*

6. liður; Lækjavellir í Bárðardal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við landskiptin og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna þeirra eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
23.03.2017**

**212. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 23. mars 2017 kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Rekstrarleyfi – Engi, sumarhús
2. Rekstrarleyfi – Háls
3. Rekstrarleyfi – Fosshóll
4. Landgræðsla ríkisins
5. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 01.03.2017
6. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. frá 13.03.2017
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.03.2017
8. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
9. Goðafoss – Styrcur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

**Til kynningar:**

- a. Fundargerð 29. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélags
- b. Fundargerð 293. fundar stjórnar Eypings

**1. Rekstrarleyfi – Engi, sumarhús**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 10. mars s.l. þar sem Svanhildur Sigtryggisdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga í sumarhúsi á Engi í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

**2. Rekstrarleyfi – Háls**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 14. mars þar sem Ásta Svavarsdóttir f.h. Tveggja bræðra sf., sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga að Hálsi í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

**3. Rekstrarleyfi – Fosshóll**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 15. mars s.l. þar sem Sigurður Arnar Jónsson f.h. Goðafoss ehf. sækir um rekstrarleyfi, flokkur IV – gististaður með áfengisveitingum á Fosshóli í

## Sumargleði Kvenfélags Fnjóskdæla.

*Nú er að koma sumar.*

Gleðjumst saman á árlegu tombólukaffi í Skógum á sumardaginn fyrsta þann 24 apríl kl 14 til 17 þeir sem vilja styrkja okkur með tombóluvinningum, komi þeim til einhverrar okkar fyrir páska.

Pura, Lella, Gunna Vala, Gunnhildur og Inga Hart.

## Goðafoss

Verzlun – Veitingar - Minjagripir

Atvinna

Við leitum að starfsmanni í eldhúsið hjá okkur.

Óskum einnig eftir 40 fet gámi, helst frystigámi

Vinsamlegast hafið samband

[Siddi@sveitarsetrid.is](mailto:Siddi@sveitarsetrid.is) - 8980444

## Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla miðvikudaginn 5. apríl 2017

Kæru sveitungar.

Miðvikudaginn 5. apríl nk. munu starfsmenn og nemendur Stórutjarnaskóla halda sitt umhverfis- og lýðheilsuþing í 8. sinn í skólanum. Allt í kringum okkur heyrum við sífellt auknar áherslur á þætti sem lúta að umhverfi og lýðheilsu. Nemendur skólans munu leika stór hlutverk í dagskrá þingsins og því hvetjum við foreldra og aðra sveitunga til að koma og vera með okkur þessa stund. Þingið verður í sal skólans, **það hefst kl 13:10 og stendur til kl. 15:20.**

Auk glærुकynninga nemenda mun tónlistardeild skólans sjá um tónlistaratriði að venju með hljóðfæraleik og söng.

Aðal fyrirlesari þingsins verður Borghildur Sigurbergsdóttir næringarráðgjafi við Sjúkrahúsið á Akureyri en hún verður með umfjöllun sem á erindi til allra um margt það sem skiptir okkur máli varðandi næringu og matarræði.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um matarsóun sem nemendur framkvæmdu í vetur, en þá endurtóku þeir leikinn frá síðasta ári, vigtuðu í 4 vikur allar matarleifar eftir matartíma skólans. Einnig verður fjallað um vistheimt í verki og þátttöku skólans í því verkefni í samstarfi við Landvernd. Sagt verður frá leið skólans við að útbúa skólareglur, gerð grein fyrir átaki í að draga úr notkun plastpoka og afhjúpað vegglistaverk sem nemendur hafa gert, en það túlkar umhverfis- og lýðheilsusáttmála skólans.

Vonumst til að sjá sem flesta

Með góðum kveðjum

*Umhverfisnefnd Stórutjarnaskóla*



Grænánaskóli



Heilsueflandi grunnskóli

13.tbl.  
29. mars  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Leikdeild Eflingar í Reykjadal frumsýnir *Skilaboðaskjóðuna*

Leikdeild Eflingar í Reykjadal frumsýnir verkið **Skilaboðaskjóðuna** eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson, næstkomandi **föstudagskvöld 31. mars kl. 20:00 á Breiðumýri í Reykjadal.** Leikstjóri er Hörður Þór Benónýsson og tónlistarstjóri Pétur Ingólfsson.

Verkið er barna- og fjölskyldusýning.

Að venju taka margir þátt í verkinu bæði gamalreyndir leikarar hjá félaginu í bland við minna reynda og þó nokkra sem eru að stíga sín fyrstu skref á sviði.

Eins og svo oft áður verða kvenfélagskonur með kaffi og vöfflur á sýningum og sannkölluð kaffihúsastemning á Breiðumýri og verður enginn svikinn af því að kíkja í leikhús þangað.

Einnig býður Dalakofinn upp á sérstakt leikhústilboð í tengslum við sýninguna.

Félögum í Framsýn gefst kostur á að kaupa afsláttarmiða hjá félaginu áður en þeir fara á leiksýningu.

Framsýning 31. mars kl. 20:00

2. sýning 1. apríl kl. 16:00

3. sýning 5. apríl kl. 19:00

4. sýning 7. apríl kl. 20:00

5. sýning 8. apríl kl. 16:00



**Athugið takmarkaður sýningarfjöldi.**

Miðaverð: Fullorðnir 2800,-

Börn 14 ára og yngri 2200,-

Eldriborgarar og öryrkjar 2500,-

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á leikdeild@leikdeild.is